

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar, á 964. fundi sínum 26. apríl 2023, nýtt deiliskipulag fyrir leikskólareit sem auðkenndur er S-3 í aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033. Skipulagið fjallar um nokkrar lóðir fyrir leikskóla innan reitsins og er gert ráð fyrir að nýbyggingu leikskóla.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar, á 979. fundi sínum 7. febrúar 2024, óverulega breytingu á deiliskipulaginu „Deiliskipulag Bollagarða og Hofgarða“ sem staðfest var af Skipulagsstofnun þann 17. september 2015, breytingin er vegna Hofgarða 16. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall lóðarinnar Hofgarða 16 er hækkað úr 0,41 í 0,46.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar, á 971. fundi sínum 27. september 2023, óverulega breytingu á deiliskipulagi Lambastaðahverfis vegna Tjarnarbóls 2-8. Í breytingunni felst að bæta aðstöðu fyrir rafbíla og gera 6 ný rafhleðslustæði á svæði austan við núverandi bílastæði. Skilmálar lóðarinnar eru óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. Seltjarnarnesbæjar, 8. febrúar 2023.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 9. febrúar 2024